

Samfélagsgreinar 4. bekkur

Kennarar: Gunnhildur Halla Carr; Helga Sólveig Aðalsteinsdóttir;
Sóldís Birta Reynisdóttir

4

Lýsing

Samfélagsgreinar leggja grunn að sjálfsþekkingu og félagsvitund nemenda. Trúarbrögð og siðfræði, lýðræði og mannréttindi í fortíð, nútíð og framtíð, heimurinn og sjálfbærni eru meðal viðfangsefna samfélagsgreina. Hæfniviðmið fyrir samfélagsgreinar eru sett fram í sex flokkum: Vinnulag samfélagsgreina (gegnumgangandi í öllu námi og kennslu), Sjálfsmynd, Siðferði og trú, Borgaravitund, Saga og Jörðin okkar. Flokkarnir tengjast hver öðrum sem og öðrum námsgreinum.

Tímabil

Skólaárið 2025-2026.

Yfirferð námsefnis

Í **Árgangsáætlun** fyrir samfélagsgreinar 4. bekkja eru hæfniviðmið (námsmarkmið), námsefni (námsleiðir), námsmat (áætlun) og samþætting útlistuð. Hún er hluti af skólanámskrá Melaskóla, greinasviði. Árgangsáætlun, þ.e. kennsluáætlun árgangsins fyrir skólaárið, er kynnt nemendum og foreldrum á hópfunði að hausti (sbr.: *Námskynning*).

Árgangsáætlun er til grundvallar *vikuáætlunum* kennara (sjá sbr. Dagatal í Mentor).

Kennslustundir á viku: 4 (sbr. viðmiðunarstundaskrá).

Námsþættir og viðfangsefni í samfélagsgreinum taka mið af *hæfniviðmiðum* árgangsins og leiðsagnarnámi. Nemendum er sagt *hvers vegna* þeir eru að læra ákveðin atriði, þ.e. upplýstir um hæfnina sem stefnt er að með náminu (sjá hæfniviðmið árgangsins). Kennsluáðferðir, námsefni og matsaðferðir (þ.e. hvernig, hvað og hvenær) taka mið af því.

Námsþættir og viðfangsefni í samfélagsgreinum 4. bekkja á skólaárinu eru þessi:

- Þemavinna - eldgos, fjöllin, árstíðirnar, mannkynssagan
- Ísland áður fyrr
- Barnasáttmálinn
- Bekkjarfundir
- Helgileikur (jólaleikrit)
- Vettvangsferðir

Kennsluáðferðir

Kennsluhættir (áherslur, kennsluáðferðir, vinnulag) í samfélagsgreinum 4. bekkja taka mið af *leiðsagnarnámi*.

Melaskóli nýtir sér *fjölbreytta kennsluhætti* innan allra árganga og námsgreina til að styrkja samfélagsgreinar, m.a.: markvissar innlagnir kennara, lestur og umræður, hlustun, áhorf og tjáningu, einstaklings- og hópverkefni, smíðjur og þemavinnu, samþættingu námsgreina, sköpun og verklega vinnu, bekkjarfundir, útikennsla, kannanir, próf og heimavinnu.

Samfélagsgreinar fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýnni hátt og fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju, virðingu og þýðingu þeirra fyrir velferð og farsælt líf einstaklinga og samfélaga. Samfélagsgreinum er ætlað að flétta saman þekkingu, færni og tilfinningum sem byggjast á upplifun og sköpun nemandans.

Menntagildi samfélagsgreina felst í að þroska félagsfærni og styrkja jákvæða sjálfsmynd nemenda. Fjölmörg hæfniviðmið samfélagsgreina eiga við grunnþættir menntunar og teljast því til lykilhæfni.

Með umræðu- og spurnaraðferðum og rökræðum er gagnrýn hugsun nemenda eflað. Í hópvinnu (sbr. söguáðferð, þemanám, landnámsaðferð) læra nemendur um samvinnu og samkennd ásamt því að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust. Leitaraðferðir (s.s. vettvangsferðir, skólasafnið o.fl.)

skipa drjúgan sess í námi og kennslu samfélagsgreina á yngra stigi í Melaskóla.

Á yngsta stigi er lögð áhersla á þemanám í samfélagsgreinum. Námið er samþætt við íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, safnakennslu, list- og verkgreinar, upplýsinga- og tæknimennt, útikennslu og skólaþróttir þar sem unnið er með heildstæð verkefni.

Í 4. bekk er áhersla á að nemandinn geti:

- áttað sig á hlutverki og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar, sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi
- farið eftir reglum í samskiptum og áttað sig á skráðum og óskráðum reglum og nefnt dæmi þar um
- áttað sig á margbreytileika mannlífs í tíma og rúmi og öðlast virðingu fyrir menningu annarra þjóða

Lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu, heimildavinnu, vaxandi hugarfar og samvinnu heimila og skóla. Þar sem því er komið við er farið í vettvangsferðir og áhugaverðir staðir, stofnanir og söfn heimsótt (sbr. Þjóðminjasafn, Árbæjarsafn).

Áherslan í samfélagsgreinum 4. bekkja er á þemanám og samþættingu námsgreina. Unnið er með heildstæð verkefni eins og Ísland áður fyrr og Komdu og skoðaðu: eldgos, fjöllin og mannkynssöguna, unnið með Barnasáttmálann og Helgileikurinn æfður (jólaleikrit nemenda). Þá er vikulegir bekkjarfundir, farið í inni og útileikir og vettvangsferðir.

Grunnþættir menntunar:

Um grunnþætti menntunar, tengsl þeirra við stefnu, markmið og árgangaáherslur Melaskóla má lesa í almenna hluta skólanámskrárinnar (kafla 2.1 og 2.2).

Námsaðlögun:

Hugmynda- og aðferðafræði leiðsagnarnáms er höfð að leiðarljósi til að koma til móts við mismunandi þarfir og getu nemandans, styrkja námshæfni, námshvöt og námsaðlögun hans með markvissri endurgjöf. Litið er á "mistök" sem námstækifæri, þ.e. mikilvægan þátt í námsaðlögun hvers og eins í skóla án aðgreiningar.

Námsmat

Námsmat í samfélagsgreinum 4. bekkja byggir á fjölbreyttu *hæfni- og leiðsagnarmati*, t.d.: munnlegri endurgjöf - símati (vinnuframlag, samvinna, frágangur, ástundun) - sjálfsmati og jafningjamati - verkefnum (einstaklingsverkefni, hópverkefni) - vinnubókum - prófum - könnunum-skimunum (stöðupróf, greinandi próf, framvindu- og lokapróf).

Fjöldmörg *matsverkefni* í samfélagsgreinum eru lögð fyrir nemendur á hverju skólaári eftir leiðsagnarnám í skilgreindum námslotum. Um leiðbeinandi stöðu- og framvindumat er að ræða, jafnt og þétt yfir skólaárið. Námsmatið birtir *matsferil* nemenda sem er foreldrum aðgengilegur í Minn Mentor, upplýsinga- og tölvukerfi skólans.

Matskerfi Melaskóla fyrir 1. - 7. bekk grundvallast á hæfnieinkennum sem birtar eru með tveimur matskvörðum. Annars vegar er notaður *táknkvarði* með fjórum táknum almennt í öllum árgöngum, hins vegar *bókstafakvarði* með sex stöfum í lokahæfnimati í 4. og 7. bekk.

Námsmat í samfélagsgreinum 4. bekkja er: hvetjandi, fjölbreytt, reglulegt, sanngjarnt, áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt, samræmt innan árganga og stiga. Það nær til þekkingar, leikni og hæfni. Það er í takt við hæfniviðmið, kennsluáherslur og tekur mið af nemendahópnum. Kennarar innan árganga vinna saman í teymum að þessum markmiðum.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

2025_Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Vinnulag samfélagsgreina

- Geta rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi.
- Get spurt spurninga og tekið þátt í umræðu um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni.
- Geta tekið þátt í samstarfi og sameiginlegum ákvörðunum í jafningjahópi og innan fjölskyldunnar.
- Geta aflað sér upplýsinga um samfélagið úr völdum textum, hljóð- og myndefni og sagt frá efninu.
- Geta sett sig í spor jafnaldra og fjölskyldumeðlima.
- Geta greint upplýsingar og ólíkar skoðanir úr völdum heimildum og myndað sér eigin skoðanir.
- Geta miðlað þekkingu sinni og skoðunum tengdum samfélaginu.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Sjálfsmynd

- Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- Geti áttað sig á mikilvægi jákvæðra viðhorfa fyrir sjálfan sig.
- Geta áttað sig á mikilvægi næringar, hvíldar, svefns, hreyfingar og hreinlætis.
- Geta gert sér og öðrum grein fyrir hvar eigin styrkur og áhugi liggur.
- Geta áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, tilhlökkun, sorg og reiði.
- Geta sýnt sjálfum sér og öðrum virðingu og sagt frá því hvernig það er hægt.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Siðferði og trú

- Geta áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og borið virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og siðum.
- Geta velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni.
- Geta sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Borgaravitund

- Geta bent á dæmi um lýðræðislega þætti í skóla- og nærsamfélaginu.
- Geta þekkt dæmi um grunnþjónustu í samfélaginu.
- Geta rætt um réttindi og skyldur og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Geta sagt frá nokkrum stofnunum samfélagsins.
- Geta varast hættur á heimili sínu, í umferðinni og nærumhverfi.
- Geti áttáð sig á að hver einstaklingur er hluti af stærra samfélagi.
- Geta áttáð sig á mikilvægi samhjálpar í samfélaginu.
- Geta sagt frá umferðarreglum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og farið eftir þeim.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Saga

- Geta áttáð sig á að ólíkar heimildir segja ólíka sögu.
- Geta nefnt dæmi um sögu og einkenni Íslands.
- Geta fjallað um atburði í sögunni í tengslum við samtímann.
- Geta áttá sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.
- Geta sagt frá völdum persónum, atburðum og tímabilum í sögunni.
- Geta uppgvötvæð og nefnt dæmi um einkenni og sögu heimabyggðar.
- Geta komið auga á þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Jörðin okkar

- Geta áttáð sig á hlutverki og notagildi landakorta og ratað með hjálp einfaldra korta.
- Geta lýst því hvernig matvæli og föt verða til og hvar þau enda.
- Geta gert sér grein fyrir mikilvægi sínu í umgengni um og vernd náttúrunnar.
- Geta nefnt dæmi um ólíkar aðstæður, menningu og líf fólks.
- Geta bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.

- Geta nefnt dæmi um hvernig maðurinn nýtir náttúruna til að lifa af.
- Geta nefnt dæmi um hvernig athafnir okkar hafa afleiðingar til framtíðar.



Helgileikur

Jólaleikrit sett á svið í Neskirkju



Halló heimur 3- nemendabók

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/hallo_heimur_3/)



Halló heimur 3 - verkefnabók

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/hallo_heimur_3_vb/)



Barnasáttmálinn

Vefur

(<https://www.barnasattmali.is/>)



Halló heimur 1 - nemendabók

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/hallo_heimur_1/)



Halló heimur 1 - verkefnabók

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/hallo_heimur_1_vb/)



Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/kosislenska/>)



Komdu og skoðaðu sögu mannkyns

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/kossogumannkyns/>)



Komdu og skoðaðu eldgos

Rafbók

(<https://www1.mms.is/rafbok/eldgos.html>)



Komdu og skoðaðu fjöllin

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/komdu_og_skodadu_fjollin/)



Trúarbrögðin okkar

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/truarbrogdin_okkar/)



Halló heimur 2 - nemendabók

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/hallo_heimur_2/)



Halló heimur 2 - verkefnabók

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/hallo_heimur_2_vb/)



Könnum kortin 2

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/konnum_kortin_2/)



Umferðarvefurinn

Vefur

(<https://umferd.is/>)



Spor 4

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/spor_4/)



Jólavefur

Vefur

(<https://vefir.mms.is/jolavefur/>)



Nonna og Manna þættir



Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti

Þessarri bók sem er einkum ætluð nemendum í 3.-4. bekk, er fjallað um daglegt líf fólks á Íslandi fyrir á tímum. Bókin er 32 blaðsíður. Við gerð efnisins var tekið mið af áherslum í námskrá í náttúrufræði og samfélagsgreinum.

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/kosislenska/>)



Ísland áður fyrr fjölskyldan 1.bók

Lífshættir fjölskyldu frá því um aldamótin 1900



Ísland áður fyrr heimilið 2.bók

Heimilishald og húsakostur frá því um aldamótin 1900



Ísland áður fyrr Menntun 3.bók

Menntun alþýðunnar frá því um aldamótin 1900



Ísland áður fyrr störfun 4.bók

Störfin frá því um aldamótin 1900



Sossa sólskins barn bók 1- 4

Sögurnar um Sossu eru lauslega byggðar á æskuminningum og heimaslóðum höfundar sem ólst upp á einangruðum bæ á Vestfjörðum á fyrri hluta 20. aldar.



Sumardagur í Glaumbæ bók

Sumardagur í Glaumbæ er söguleg skáldsaga sem veitir börnum sem fullorðnum innsýn í líf og störf barna á Íslandi á seinni hluta 19. aldar.



Ísland áður fyrr

Námsefni um daglegt líf í íslensku bændasamfélagi fyrri tíma